

Fjölbreyttar kennsluáðferðir

Flokkur: Hópefli og Ísbrjótar

Hraðstefnumót

Hvað æfir aðferðin? Fær fólk til að tala saman, brjóta ísinn og kynnast mörgum á stuttum tíma. Æfir t.d. framburð, tjáningu, málfræði, hópefli, nýtist í margt.....

Stutt lýsing Þátttakendur standa andspænis hvor öðrum og fá takmarkaðan tíma til að tala saman um ákveðið málefni.

Fjöldi Leikurinn passar fyrir 6 þátttakendur og fleiri.

Nauðsynlegt efni eða aðstaða? Stórt rými, gott getur verið að hafa tónlist ef þátttakendur eru fáir.

Nauðsynlegur undirbúningur Leiðbeinandi þarf að ákveða umræðuefni og hve langan tíma hvert þar ræðir saman.

Nákvæm lýsing Hópurinn myndar hring. Annar hver þátttakandi stígur inn í hringinn og þeir mynda svo annan minni hring með því að snúa bökkum saman. Þeir sem eftir standa finna sér einhvern úr minni hringnum til að standa andspænis.

Þeir sem eru í ytri hringnum byrja á því að segja þeim sem standa á móti þeim t.d. frá því sem þeir gerðu markvert í sumar. Eftir ca. 1 mínútu er svo skipt um hlutverk og þeir sem eru í innri hringnum segja frá sínu sumri. Þegar þessir tveir hafa spjallað saman færir ytri hringurinn sig um eitt skref til hægri og nýtt spjall hefst við nýja manneskju og svo koll af kolli.

Stjórnandinn þarf að ákveða tímamál sem fer í hvert spjall en það ræðst mikið af hópnum, hvað hann er viljugur að tala. Ef þetta er mjög stór hópur getur stjórnandinn gefið fyrirmæli um að hringirnir færi sig um fleiri manneskjur en eina í hvert skipti og látið þetta vera bara um 5-6 skipti. Þetta getur líka verið góður kynningarleikur og þá má viðfangsefnið vera "hver er ég" í stað þess að segja frá sumrinu en vitaskuld er hægt að ræða hvað sem er og jafnvel skipta um umræðuefni í leiknum af því að það getur verið leiðigjarnt að vera alltaf að endurtaka sig.

Mætti líka notast við rökræðu –umræðuefni/með eða á móti.

Það er afar misjafnt hvernig þessi æfing þróast, stundum finnst hópnum þetta mjög skemmtilegt, fara á flug í spjallinu, finna sameiginleg áhugamál eða málefni og er þá um að gera að leyfa hverjum og einum að spjalla lengur. Ef fólk finnst, hins vegar, mjög erfitt að spjalla og hafa ekkert að segja þarf stjórnandinn að grípa fljótt inn í og beina umræðunni í ákveðinn farveg. Hann getur t.d. kallað; hvar fæddust þið og hvenær, hvað eigið þið mörg systkini, hafið þið átt gæludýr o.s.frv. Hér reynir á samskiptahæfni fólks, augnsamband og fleira sem getur verið gaman að velta upp með hópnum á eftir, hvernig leið þeim í æfingunni, var þetta erfitt og á hvað reyndi æfingin?

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik? Lærðum þennan leik á hópeflisnámskeiði hjá Össu, þekkingu og ráðgjöf

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú? Bryndís Inda Stefánsdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, Akureyri, höfundar námsefnisins „Íslenska á allra vörum“

